Reykjavíkurborg

annars vegar

og

Félag íslenskra náttúrufræðinga

hins vegar

gera með sér svofelldan

samning

um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Inngangur

Aðilar eru sammála um að vinna áfram að sameiginlegum markmiðum aðila vinnumarkaðarins um að auka kaupmátt og tryggja efnahagslegan stöðugleika.

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að bæta vinnulag við gerð kjarasamninga m.a. með bættri upplýsingagjöf og að gengið verði frá nýjum kjarasamningi áður en gildandi samningur rennur út.

1. Framlenging gildandi kjarasamnings

Samningsaðilar eru sammála um að kjarasamningur aðila framlengist til 31. ágúst 2015 með eftirfarandi breytingum:

a. Almenn launahækkun:
Hinn 1. apríl 2014 skulu laun og launataxtar skv. grein 1.1.1 í kjarasamningi aðila hækka í samræmi við meðfylgjandi launatöflu sbr. fylgiskjal 1.

b. Eingreiðslur:
Við samþykkt kjarasamningsins greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 14.600 m.v. fullt starf, hverjum starfsmanni sem var við störf í apríl 2014. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í apríl 2014.

Þann 22. desember 2014 greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 20.000 m.v. fullt starf, hverjum starfsmanni sem var við störf í nóvember 2014. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v starfstíma og starfshlutfall í nóvember 2014.

Þann 1. júní 2015 greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 20.000, m.v. fullt starf, hverjum starfsmanni sem var við störf í apríl 2015. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í apríl 2015.

Fyrrgreindar greiðslur ná til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi utan þeirra sem eru í launalausu leyfi.

c. Persónuuppbætur

Desemberuppbót skv. gr 1.7.1 verður á árinu 2014 kr. 79.500

Orlofsuppbót skv. gr. 4.2.2. verður á árinu 2014 kr. 39.500 og á árinu 2015 kr. 40.500.

d. Grein 1.3.1 breytist með eftirfarandi hætti:

Starfsheitin náttúrufræðingur 1 og heilbrigðisfulltrúi falla út og inn koma eftirfarandi starfsheiti:

Fulltrúi í heilbrigðiseftirliti **lfl. 318**

Starfsmaður í heilbrigðiseftirliti án löggildingar.

Heilbrigðisfulltrúi 1 **lfl. 322**

Með amk. 6 mánaða starfsreynslu og löggildingu sem stýrir verkefnum/eftirliti með flokki fyrirtækja.

Heilbrigðisfulltrúi 2 **lfl. 326**

Með mikla starfsreynslu og löggildingu, ber ábyrgð á og stýrir teymum og/eða umfangsmiklum verkefnum /eftirliti með flokki fyrirtækja og/eða er staðgengill deildarstjóra.

Önnur starfsheiti samkv. greininni breytast sem hér segir í samræmi við röðun í nýrri launatöflu sbr. fylgiskjal 1:

Náttúrufræðingur/Arkitekt lfl 307

Náttúrufræðingur/Arkitekt að nokkru undir umsjón annarra fyrstu 3 mánuði í starfi

Sérfræðingur lfl. 313

Náttúrufræðingur/Arkitekt sem starfar sjálfstætt að Verkefnum

Sérfræðingur sem stýrir verkefnum lfl. 315

Verkefnisstjóri 1 lfl. 322

Náttúrufræðingur/Arkitekt sem starfar sjálfstætt, stýrir og þróar verkefni. Hefur eftirlit með aðkeyptum ráðgjöfum/ hönnuðum/ verktökum

Verkefnisstjóri 2 lfl. 326

Náttúrufræðingur/Arkitekt sem starfar sjálfstætt og stýrir umfangsmiklum verkefnum og teymum og/eða er staðgengill

Verkefnisstjóri 3 Náttúrufræðingur/ Arkitekt sem stýrir og ber ábyrgð á umfangsmiklum verkefnum. Ber fjárhagslega og faglega ábyrgð og tekur þátt í stefnumótun. Starfsmaður hefur mannaforráð og/eða er staðgengill	lfl. 329
Deildarstjóri Deildarstjóri með mannaforráð. Staðgengill forstöðumanns.	lfl. 333

Þá bætist við eftirfarandi starfsheiti:

Forstöðumaður	lfl. 337

Grein 1.3.2.3 fellur út.

e. Grein 1.3.2.1 breytist og verður eftirfarandi:

1.3.2.1 Fagreynsla, starfsreynsla og símenntun

Fagreynsla og starfsreynsla er metin með eftirfarandi hætti:

- Eftir 1 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg raðast starfsmaður 1 þrepi ofar en ella
- Eftir 2ja ára faglega reynslu í starfsgrein sinni raðast starfsmaður 1 þrepi ofar en ella
- Eftir 3ja ára faglega reynslu í starfsgrein sinni raðast starfsmaður 1 þrepi ofar en ella
- Eftir 5 ára faglega reynslu í starfsgrein sinni raðast starfsmaður 1 þrepi ofar en ella
- Eftir 7 ára faglega reynslu í starfsgrein sinni raðast starfsmaður 1 þrepi i ofar en ella
- Eftir 9 ára faglega reynslu í starfsgrein sinni raðast starfsmaður 1 þrepi ofar en ella

Til þess að fá fagreynslu í starfsgrein metna þarf starfsmaður að leggja fram gögn sem staðfesta þann starfstíma sé þess óskað. Einungis er metin fagreynsla í viðkomandi starfsgrein sem aflað er eftir að formlegu grunnnámi á háskólastigi lýkur.

Við framkvæmd þessarar breytingar munu áunnir launaflokkar vegna starfs- og fagreynslu falla niður þegar starfsmanni er varpað í nýtt kerfi.

Gert er ráð fyrir að hver stofnun/fyrirtæki setji fram starfsþróunaráætlun fyrir alla starfsmenn í starfsáætlun sinni í starfsmannamálum til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna í samræmi við starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar.

PH

GÞN

2. Starfsþróunarsetur háskólamanna

Aðilar eru sammála um að viðbótar 0,1% framlag til starfsmenntunar, sem samþykkt var í forsendunefnd aðila þann 18. febrúar 2013, verði hluti af iðgjaldi Reykjavíkurborgar til Starfsþróunarseturs háskólamanna.

Ný grein 15.10 bætist við með eftirfarandi orðalagi:

15.10. Greiðslur til Starfsþróunarseturs háskólamanna

Vinnuveitandi greiðir mánaðarlega framlag til Starfsþróunarseturs háskólamanna er nemur 0,7% af heildarlaunum félagsmanna frá og með 1. apríl 2014.

Undirbúningur næstu samninga

Við gildistöku samnings þessa hefjast viðræður um endurnýjun kjarasamnings sem taki gildi við lok samnings þessa. Unnið verður eftir eftirfarandi viðræðuáætlun sem telst hluti samningsins.

Viðræðuáætlun

Markmið

Aðilar munu hefja viðræður í kjölfar gildistöku samnings þessa vegna þess kjarasamnings sem framlengdur er og gildir til 31. ágúst 2015 með það fyrir augum að ljúka gerð nýs kjarasamnings fyrir þann tíma. Markmiðið verði vaxandi kaupmáttur, efnahagslegur stöðugleiki og lág verðbólga, bætt samkeppnisstaða atvinnulífsins og stöðugt gengi krónunnar. Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að skapa raunhæfar væntingar í samfélaginu til mögulegs ávinnings af kjarasamningum.

Megináherslur viðræðna:

Mat á menntun

Markmið samningsaðila er að endurskoða og samræma með hvaða hætti mat á menntun háskólamenntaðra starfsmanna Reykjavíkurborgar er metin til launa. BHM mun fyrir lok janúar 2015 tryggja að fyrir liggi greining á menntun félagsmanna aðildarfélaga BHM hjá Reykjavíkurborg. Þessi greining verði lögð til grundvallar í næstu kjarasamningsviðræðum.

Hæfni- og árangursmatskerfi

Aðilar eru sammála um að kanna til hlítar möguleikana á að þróa kynhlutlaust viðbótarlaunakerfi. Í kjölfarið verði lagt mat á hvort æskilegt er að innleiða kynhlutlaust viðbótarlaunakerfi hjá Reykjavíkurborg og skal það mat liggja fyrir í lok janúar 2015.

Ný launatafla

Vinna við endurskoðun á nýrri launatöflu verður áframhaldið á samningstímanum. Fyrir lok september 2014 verði hafnar viðræður um mögulegar útfærslur á launatöflunni sem samið verði um að taki gildi við upphaf næsta kjarasamnings aðila.

Samningsumboð

Fyrir lok maí 2014 leggi samningsaðilar skriflega fram skipun samninganefnda og umboð þeirra til samningaviðræðna.

Sérmál önnur en launaliðir

Viðræður um breytingar á þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga sem ekki varða launalið verði skipulagðar fyrir lok janúar 2015. Miðað skal við að kröfur komi fram fyrir lok nóvember 2014.

Endurskoðun viðræðuáætlunar

Fyrir lok apríl 2015 skulu aðilar sameiginlega meta stöðu viðræðna og þörf fyrir endurskoðun viðræðuáætlunar.

Launaliðir

Viðræður um launaliði hefjist í byrjun apríl 2015 á grundvelli krafna sem þá skulu vera komnar fram. Jafnframt verða aðrir þættir kjarasamninga ræddir að því marki sem lausn ágreiningsefna um þá kann að tengjast samningum um launaliði.

Fundaáætlun / timasett markmið

Þegar kröfur liggja fyrir geri aðilar áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

Gildistími

Samningur þessi gildir til 31. ágúst 2015 og rennur þá út án frekari fyrirvara.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp á lögformlegan hátt til afgreiðslu. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 30. apríl 2014 skoðast samningurinn samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn stéttarfélagsins um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá Reykjavíkurborg.

Reykjavík 16. apríl 2014

F.h. Reykjavíkurborgar,
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga,
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Bókun

Í stað núverandi bókunar 2 kemur:

Samningsaðilar eru sammála um að endurskoða og endurbæta upplýsingagjöf um laun félagsmanna til FÍN og skal Reykjavíkurborg senda félaginu tvisvar á ári, apríl og október upplýsingar um grunnröðun einstakra félagsmanna, ásamt upplýsingum um viðbótarflokka vegna menntunar og þrepa vegna starfsreynslu og fagreynslu.

Yfirlýsing

Kynbundinn launamunur

Þann 1. október síðastliðinn var samþykkt í borgarstjórn aðgerðaáætlun í 11 liðum til að sporna gegn kynbundnum launamun. Meðal annars var farið í umfangsmikið fræðsluátak þar sem áhersla var lögð á breytt viðhorf þeirra sem fara með launasetningu hjá borginni og að stilla saman strengi stjórnenda til að takast á við verkefnið að útrýma kynbundnum launamun. Meðal verkefna í aðgerðaáætluninni er stóraukin áhersla á upplýsingagjöf til stjórnenda, starfsmanna og almennings um launamál sem og að skerpa á reglum um launasetningu og eftirfylgni þeirra. Þá var samþykkt að unnar verði árlegar launaúttektir úr launagögnum borgarinnar og skoðun verði hafin á innleiðingu á nýju viðbótarlaunakerfi.

Fulltrúar Félags íslenskra náttúrufræðinga munu fylgjast náið með þessari vinnu.

FÉLAG ÍSLENSKRA NÁTTÚRUFRÆÐINGA

Gildir frá 1 apríl 2014

þrep	Grunnur	*1*	*2*	*3*	*4*	*5*	*6*
Lfl.	*0,00%*	*1,50%*	*3,00%*	*4,50%*	*6,00%*	*7,50%*	*9,00%*
305	309.290	313.930	318.569	323.208	327.848	332.487	337.126
306	313.620	318.325	323.029	327.733	332.438	337.142	341.846
307	318.011	322.781	327.551	332.321	337.092	341.862	346.632
308	322.463	327.300	332.137	336.974	341.811	346.648	351.485
309	326.978	331.882	336.787	341.692	346.596	351.501	356.406
310	331.555	336.529	341.502	346.475	351.449	356.422	361.395
311	336.197	341.240	346.283	351.326	356.369	361.412	366.455
312	340.904	346.017	351.131	356.245	361.358	366.472	371.585
313	345.677	350.862	356.047	361.232	366.417	371.602	376.787
314	350.516	355.774	361.031	366.289	371.547	376.805	382.062
315	355.423	360.755	366.086	371.417	376.749	382.080	387.411
316	360.399	365.805	371.211	376.617	382.023	387.429	392.835
317	365.445	370.926	376.408	381.890	387.371	392.853	398.335
318	370.561	376.119	381.678	387.236	392.795	398.353	403.911
319	375.749	381.385	387.021	392.657	398.294	403.930	409.566
320	381.009	386.724	392.440	398.155	403.870	409.585	415.300
321	386.343	392.139	397.934	403.729	409.524	415.319	421.114
322	391.752	397.628	403.505	409.381	415.257	421.134	427.010
323	397.237	403.195	409.154	415.112	421.071	427.030	432.988
324	402.798	408.840	414.882	420.924	426.966	433.008	439.050
325	408.437	414.564	420.690	426.817	432.943	439.070	445.197
326	414.155	420.368	426.580	432.792	439.005	445.217	451.429
327	419.954	426.253	432.552	438.851	445.151	451.450	457.749
328	425.833	432.220	438.608	444.995	451.383	457.770	464.158
329	431.795	438.271	444.748	451.225	457.702	464.179	470.656
330	437.840	444.407	450.975	457.542	464.110	470.678	477.245
331	443.969	450.629	457.289	463.948	470.608	477.267	483.927
332	450.185	456.938	463.691	470.443	477.196	483.949	490.702
333	456.488	463.335	470.182	477.030	483.877	490.724	497.571
334	462.878	469.822	476.765	483.708	490.651	497.594	504.537
335	469.359	476.399	483.439	490.480	497.520	504.561	511.601
336	475.930	483.069	490.208	497.347	504.486	511.624	518.763
337	482.593	489.832	497.071	504.309	511.548	518.787	526.026
338	489.349	496.689	504.030	511.370	518.710	526.050	533.390
339	496.200	503.643	511.086	518.529	525.972	533.415	540.858
340	503.147	510.694	518.241	525.788	533.336	540.883	548.430
341	510.191	517.844	525.497	533.149	540.802	548.455	556.108
342	517.333	525.093	532.853	540.613	548.373	556.133	563.893
343	524.576	532.445	540.313	548.182	556.051	563.919	571.788
344	531.920	539.899	547.878	555.857	563.835	571.814	579.793
345	539.367	547.458	555.548	563.639	571.729	579.820	587.910
346	546.918	555.122	563.326	571.530	579.733	587.937	596.141
347	554.575	562.894	571.212	579.531	587.850	596.168	604.487
348	562.339	570.774	579.209	587.644	596.079	604.515	612.950
349	570.212	578.765	587.318	595.871	604.425	612.978	621.531
350	578.195	586.868	595.541	604.214	612.887	621.559	630.232